



European
Consumer
Centre
Network

ECC NET Júní 2020
í samstarfi við



SAFER STREAMING

Hættur vegna ólöglegs niðurhals á myndefni og hvernig hægt er að bregðast við þeim

-
- 03 **Streymi er á uppleið**
 - 04 **Tvö kerfi sem veita myndefni að vild**
 - 05 **Falsað gagnvart ólöglegu**
-

FALSKAR STREYMISVEITUR -

- 06 **Hjálp, ég er í gildru!**
 - 07 **misnota gögnin þín**
 - 08 **misnota tækið þitt**
-

ÓLÖGLEGAR SÍÐUR -

- 09 **selja stolið efni**
 - 10 **engin vörn fyrir ungmenni**
-

- 11 **Fullhlaðin og óhlekkjuð - hvað þýðir það?**
 - 12 **Upphleðsla og deiling**
 - 13 **Samfélagsmiðlar og ólöglegt streymi**
 - 14 **Gott að vita**
-

VIÐAUKI

- 15 **Góð ráð**
 - 21 **Fyrirvari og útgáfa**
-

STREYMI ER Á UPPLEIÐ

Þægindi þess að horfa á uppáhalds þáttinn þinn á hvaða tæki sem er þegar þér hentar gera streymi myndefnis að nýjum staðli hjá notendum í dag.

Síðustu ár hefur streymistækni gjörbreytt fjölmiðlaumhverfinu með því að blanda saman netinu og sjónvarpi. Hagnaðurinn gerir streymisveitum kleift

að fjárfesta meiru í framhaldspætti og kvikmyndir en hefðbundnir kvikmyndaframleiðendur og auka þannig áhorf enn meira.¹

60%

af því efni sem halað er niður í heiminum er myndefni²

42%

fleiri áskrifendur að streymisveitum í Evrópu á hverju ári³

89%

þeirra sem eru fæddir eftir aldamótin nota streymi.⁴

Meirihluti bandvíddar netsins í heiminum er í dag notaður í streymi. Á meðan COVID-19 geisaði yfir vorið 2020 jókst notkun það mikið að framkvæmdastjórn ESB bað þjónustuaðila um að minnka gæði myndefnis þannig að hægt væri að tryggja nethraða fyrir mikilvægari þjónustu á borð við netfundi fyrir þá sem unnu heiman frá.⁵

TVÖ KERFI SEM VEITA MYNDEFNI AÐ VILD

Myndefni að vild gefur þér tækifæri til þess að horfa á hvað sem þú vilt, hvenær sem þú vilt og ef tækið er rétt tengt, hvar sem þú vilt án þess að þurfa að hala niður efni, með því að horfa á streymi. Hægt er að tengjast með því að nota snjallsjónvarp, tölvu, snjallsíma, spjaldtölvu eða jafnvel leikjatölvu.

IPTV

„Sjónvarp í gegnum netið“

Þekkt fjölmiðlafyrirtæki sem senda út gegnum kapal eða gervihnött bjóða einnig upp á sjónvarp í gegnum netið. Flestir þeirra sem nýta breiðband til þess að horfa á sjónvarp eru einnig með myndlykla eða snjallsjónvörp og velja efni úr stafrænu efnisyfirliti. Íþróttaviðburðir, beinar útsendingar og fréttir eru grunnurinn að starfi hefðbundinna sjónvarpsstöðva hvort sem það er beint eða í tímaflakki.



STREYMISVEITUR

Þegar kemur að streymi bæði hér og í Evrópu á þetta oftast við um streymisveitur á borð við Netflix, Amazon Prime og Sky/NOW TV. Þessa þjónustu er hægt að nýta sér óháð netþjónustufyrirtæki eða öðrum skilmálum. Mikið úrval af framhaldspáttum og kvikmyndum laðar að viðskiptavini. Nýtt og sérfrámleitt afþreyingarefni er líka aðlaðandi.

FALSAÐ GAGNVART ÓLÖGLEGU

Ólöglegt niðurhal hefur minnkað undanfarin ár vegna þess að neytendur¹ vilja frekar nota öruggar, þægilegar og hóflega kostnaðarsamar lausnir í stað þess að eiga á hættu að fá sýktar skrár eða eiga á hættu á lögsókn frá yfirvöldum.

Lögmætar streymisveitur hagnast á auglýsingatekjum, leigu og áskriftarleiðum. Ólögmætir aðilar

í þessum geira eru stöðug ógn og hafa þannig tekið við af ólöglegu niðurrhali. Svindlsíður sem þykjast

bjóða upp á áskrift eða efni eru annað vandamál.

SVINDLSÍÐUR



Leiða óvana neytendur í gildru með fölskum áskriftum og misnota gögn þeirra.

SJÓRÆNINGJASÍÐUR



Reyna að sýnast ekta til að lokka neytendur til þess að horfa á eða kaupa stolið efni (og ræna um leið gögnum þeirra).

FALSKAR STREYMISSVEITUR -

HJÁLP, ÉG ER Í GILDRU!

Algengt er að svindlsíður gabbi viðskiptavini með sakleysislegum forsíðum þar sem birtist spennandi efni sem býðst í ókeypis prufuáskrift.



Þegar neytandi hefur skráð sig kemur í ljós að ekki er hægt að nálgast efnið sem var lofað. Þar sem ekkert þurfti að greiða er líklegt að neytandinn telji að enginn skaði hafi orðið og hugsi ekkert frekar út í það.

Nokkrum dögum seinna fær neytandinn reikning upp á fleiri hundruð evrur, þar sem sagt er að ársáskrift hafi sjálfkrafa tekið gildi við lok prufutímabilsins sem var nokkrir dagar.

MISNOTA GÖGNIN ÞÍN

Flestar falskar streymisveitur á netinu búa ekki **yfir neinu efni**.

Hundruð slíkra vefsíðna eru gerðar á sama grunni og birtast um alla Evrópu, oftast á vegum sömu glæpamanna. Þær hverfa eftir einhvern tíma ef þær fá aðvaranir eða ef þeim er lokað af yfirvöldum, sem gerir falska lénið minna arðbært. Síðurnar birtast aftur undir nýjum nöfnum stuttu seinna og hefja að svindla á fólki að nýju.

Auk þess að selja falskar áskriftir hagnast síðurnar á gagnaveiðum (phishing);Sala á persónulegum upplýsingum sem neytendur gefa upp við skráningu.¹

Sumar síður senda jafnvel út persónuleg skilaboð með tölvupósti eða SMS-skilaboðum og halda því fram að þær þurfi frekari upplýsingar um notandann af öryggisástæðum. Öllum gögnum er safnað í söluþilgangi, oft fyrir aðra glæpastarfsemi.

MISNOTA TÆKIÐ ÞITT

Unglýsingar eru önnur gróðaleið fyrir svindlara. Ágengar auglýsingar fylla stundum skjáinn. Þær sýna oft misjafnt efni og eru þannig úr garði gerðar að erfitt er að losna við þær og þegar þeim er smellt í burtu verður til hagnaður hjá eiganda þeirra. Annað hvort með því að reyna að fjarlægja

auglýsinguna, með gervilluboðum, eða í flestum tilfellum, með því að setja upp falsað forrit eða codec til að hægt sé að horfa á efnið sem átti að vera í boði, eru notendur í tuttugu og átta sinnum hættu á að tækið þeirra fái vírus eða spilliforrit á borð við:¹



PUP - forrit sem þú vilt mögulega ekki vera með, pirrandi og gagnslaus forrit sem hægja á tækinu þínu

AUGLÝSINGAFORRIT - sem sýna óumbeðið ágengar auglýsingar

SPILLIFORRIT - skaðleg forrit sem deila gögnum eða gera öðrum kleift að misnota tækið þitt

HRÆDSLUFORRIT (SCAREWARE) - sem sýna fölsk villuboð eða tilkynningar frá yfirvöldum um ólögmeta hegðun og

krefjast sektargreiðslu fyrir athæfið eða rukka fyrir tæknilega aðstoð

LAUSNARGJALDSFORRIT - sem dulkóða gögn og kúga þig til að greiða lausnargjald til þess að fá aftur aðgang að þeim

VÍRUSAR OG TRÓJUHESTAR - eyðileggja undirliggjandi kerfi tækisins eða ræna persónulegum gögnum á borð við tengiliði eða setja upp leynilegan aðgang að tækinu þínu

SELJA STOLIÐ EFNI



Ólíkt fölskum síðum gera ólöglegar síður notendum kleift að horfa á efni, en þær hafa stolið höfundarréttarvörðu efni sem rænir tekjum frá framleiðendum og skattgreiðendum, á meðan stutt er við bakið á netglæpum. Notkun á slíkum síðum er skaðleg fyrir almenning!

Notendur gætu einnig farið á síður sem eru blanda af sjóræningjasíðum og svindlsíðum. Þessar síður þykjast vera með mikið af efni og tæla notendur til að kaupa áskrift með því að streyma einhverju af efni frítt. Allt efnið er falsað og prufuáskriftin hjálpar við að koma í veg fyrir að fórnarlambið uppgötvi svikin og segi áskriftinni upp of snemma.



Grunsamlegar síður - reyna að virðast eins lögmætar og hægt sé til **að gabba mögulega notendur**. Þegar ólögmæti síðu er ekki greinilegt nota fleiri þjónustuna.

Stundum er erfitt að greina ólögmætar síður þar sem þær herma eftir viðmóti löglegrar þjónustu. Af 100 alþjóðlegum vörumerkjum fundust auglýsingar frá 46 þeirra á síðum sem virða höfundarrétt að vettugi. Glæpamenn vita að auglýsingar frá þekktum vörumerkjum gefa síðunum lögmætara yfirbragð.

ENGIN VÖRN FYRIR UNGMENNNI

Glæpamenn kæra sig kollótta um að vernda börn frá skaðlegu efni. Börn og ungmenni hafa ekki þróað heilbrigð mörk og eru sérstaklega viðkvæm á meðan þau nota snjalltæki í miklum mæli.¹ Þau eru hvatvís og hafa ekki skilning á lögmæti efnis. Staðreyndin að 56% allra vefsíðna

eru á ensku hjálpar ekki til. Ólöglegar síður innihalda oft klám eða annað truflandi efni, eða auglýsa fjárhættuspil eða veðbankastarfsemi sem er ekki við hæfi fyrir yngri notendur. Ólöglegar síður koma ekki í veg fyrir að þeir sem eru undir lögdri skrái sig.

1 af 3

þeirra sem nota
veraldarvefinn eru
börn²



1 af 2

af 11-16 ára á netinu
hafa upplifað almennar
nethættur³

Foreldrar geta lesið betterinternetforkids.eu til að fá ráðleggingar

FULLHLAÐIN OG ÓHLEKKJUÐ - HVAÐ ÞÝÐIR ÞAÐ?


JÚNÍ
2020

Ólöglegt efni er ekki eingöngu tengt streymistækni heldur er einnig vandi hvað varðar sjónvarp í gegnum netið (IPTV). Til er grunsamlegur vélbúnaður sem er skaðlegur af nokkrum ástæðum. Svokölluð **Kodi** box geta breytt snjallsjónvarpi í einskonar skemmtanamiðstöð. „**Fullhlaðnar**“ útgáfur af Kodi eru til á markaði og þeim er breytt þannig að hægt er að streyma stolnu efni frá ólöglegum netsjónvarpsveitum.

Hætta stafar af breyttum ótryggum raftækjum.¹ Oft eru þetta ódýrar eftirlíkingar af alvöru tækjum, líkt og Amazon Firesticks frá Austurlöndum fjær. Slíkir seljendur eru líka oft fjarlægðir frá vefverslunum á borð við eBay áður en varan er afhent til neytanda.

Óhlekkjuð tæki **hafa verið losuð við takmarkanir af stýrikerfi** og eru því ekki lengur í ábyrgð. **Ef að koma upp vandamál þá munu framleiðendur og seljendur neita að taka við vörunni eða endurgreiða hana. Losun takmarkana getur valdið því að** notandi er læstur **út úr stýrikerfinu og tækið þannig orðið ónothæft.**

Grunsamlegur vélbúnaður getur innihaldið spilliforritsem geta opnað bakdyr fyrir hakkara **inn á heimilisnetið.**



Þeir sem kaupa ólögleg tæki geta átt á hættu að tapa fé þegar Europol lokar ólöglegri starfsemi **eða ef starfseminni er hætt af hræðslu við yfirvöld. Tollverðir eða eftirlitsmenn geta stöðvað grunsamlegar sendingar og gert vöruna upptæka. Ef kemur til lagalegra aðgerða þá geta þeir sem deila efni lent í vandræðum ef þeirra efni finnst á netþjónum sem hafa verið gerðir upptækir.**

UPPHLEÐSLA OG DEILING



JÚNÍ
2020

Efnið sem finnst á deilingarsíðum er oftast varið með höfundarrétti. **Dreifing** án heimildar er **brot á höfundarrétti og notandaskilmálum**. Það er ólöglegt að hlaða upp vörðu efni án leyfis.



Að rippa er að taka upp streymi og vista sem skrá. Síður sem bjóða upp á þennan möguleika halda því fram að það sé löglegt, en dómstólar segja annað.¹ Notkun á tækjum til að sækja eða taka upp efni á skjá eða deiling á

höfundarréttarvörðu efni er bönnuð samkvæmt notandaskilmálum löglegra þjónustuaðila og brot gegn þeim getur leitt til þess að notandi glati áskriftarreikningi sínum.

Fáðu aðgang að auðlesnum höfundaréttarlögum lands þíns²



Margir streymisveitunotendur deila aðgangi sínum með vinum og fjölskyldu. Meira en 66 prósent af Netflix-notendum deila aðgangsorði með öðrum sem leiðir til þess að 2,5 notendur

eru fyrir hvern skráðan aðgang.³ Eins og er hafa streymisveiturnar ekki gripið til aðgerða gegn þessu af markaðsástæðum, en það gæti breyst.

SAMFÉLAGSMIÐLAR OG ÓLÖGLEGT STREYMI

JÚNÍ
2020

Auk markaðstækifæra með 3 milljörðum notenda á samfélagsmiðlum, notfæra glæpamenn sér helsta einkenni þeirra sem er getan til að **deila efni**. Aukist hefur til muna að hlekkjað sé á síður með ólöglegu efni eða á ólögleg streymi. Beinar ólögsmætar útsendingar frá íþróttaviðburðum laða sérstaklega að fjölda áhorfenda.¹

Nýjar kvikmyndir, framhaldspáttaraðir eða íþróttautsendingar eru ekki löglega á þessum óopinberu veitum. Eigendur efnis bregðast við ólöglegu streymi á samfélagsmiðlum og vefsvæðum sem dreifa myndefni. Það getur leitt til þess að notandareikningi verði eytt ef notandi er uppvís að því að deila efni án leyfis. Jafnvel þótt að það sé eingöngu til eigin nota.



Veraldarvefurinn gefur færi á deilingu gagna og efnis í áður óþekktu magni og er það vel, en allir hafa rétt á því að segja til um hvort, hvenær og hvernig efni í þeirra eigu sé deilt. Þetta mun ekki taka breytingum með nýrri löggjöf um höfundarrétt sem þú gætir hafa heyrt af.²

GOTT AÐ VITA

Það er mikið til af löglegri þjónustu og ólöglegt niðurhal hefur minnkað dag frá degi með auknu framboð af betri og aðgengilegri tilboðum. Auk stóru streymisveitanna er hægt að sjá fleiri löglegar efnisveitur á þessari slóðum:



almennt:

agorateka.eu

íþróttir:

sroc.info

tónlist:


pro-music.org

Streymisforrit **leyfa þér að klára að horfa á streymi sem er í gangi á öðru tæki. Þetta kemur sér vel þegar maður ferðast og nær ekki að klára að horfa á kvikmynd í einu lagi.**



Frá því að Tilskipun um flytjanleika efnisveituþjónustu¹ **tók gildi í ESB verða streymisveitur að veita þér þjónustu óháð því í hvaða ESB-landi þú ert. Það er ekki lengur rukkað aukalega fyrir streymisþjónustu erlendis svo lengi sem hún sé veitt innan Evrópusambandsins.**

VIDAUKI



GÓĐ RÁĐ

SKOÐAÐU VEL ÁÐUR EN ÞÚ SKRÁIR ÞIG!




Ekki fara á síður sem hafa slæmt orð á sér!

Ef þú leitar að streymisveitu og finnur eitthvað spennandi, skaltu ekki skrá þig samstundis. Gefðu þér tíma í að skoða umsagnir og viðvaranir.



Býður síðan upp á efni sem ekki hefur verið sett í almenna sýningu?

Er myndin enn sýnd í kvikmyndahúsum og er síðan með hana á undan öllum virtum streymisveitum? Það er gruggugt!



Berðu tilboðið saman við þekkta keppinauta!

Er það miklu ódýrara en sambærileg þjónusta? Ársáskrift á mjög lágu verði og önnur tilboð sem eru of góð til þess að vera sönn?

ATHUGANIR FYRIR SKRÁNINGU

#2

JÚNÍ
2020



Eru
textavillur?

Svindlsíður eru gerðar með almennu sniðmáti á mismunandi tungumálum. Villur í stafsetningu eða málfræði eru vísbendingar um ólögmeta þjónustu.



Eru auglýsingar fyrir veðmál, klám eða VPN-þjónustu, sem birtast kannski í pirrandi sprettigluggum?

Grunsamleg tilboð eru oft í tvennum. Lögmæt þjónusta auglýsir ekki með því að nota sprettiglugga.



Leitaðu að vísbendingum!
Eru upplýsingar um útgáfu? Eru skilmálar eða upplýsingar um önnur lagaleg atriði?

Svindlsíður eru ekki með neinar tengiliðaupplýsingar, eða eru með falskt heimilisfang eða nota póstbox. Þær birta ekki upplýsingar um lagaleg atriði, eða falsa þær.

ATHUGANIR FYRIR SKRÁNINGU

#3

JÚNÍ
2020



Mega notendur hlaða efni inn á síðuna?

Það er vísbending um ólögmæti síðu ef notandi má hlaða upp efni sem hann hefur ekki sjálfur búið til.



Segist síðan vera lögleg eða veitir hún tilsögn um hvernig bregðast skuli við lokun?

Ef þjónustuaðili lokar fyrir síðu eru litlar líkur á lögmæti hennar og leiðbeiningar um hvernig eigi að komast framhjá slíkri lokun með notkun proxy-netþjóna eru skýrt merki um ólöglegt atferli.



Er síðan bönnuð í leitarvélum eða hefur hún slæmt orð á sér í netheimum?

Ef síðan er bönnuð í leitarvélum eða ef upplýsingasíður vara við henni þá er betra að vita af því áður en þú skráir þig!

ATHUGANIR FYRIR SKRÁNINGU

#4

JÚNÍ
2020



Er
einhvers konar pöntunar
hnappur? Er kostnaður gefin
upp á síðunni?

Samkvæmt evrópskum lögum ber að upplýsa um kostnað og gefa viðskiptavini tækifæri til þess að ýta á hnapp til þess að staðfesta samning.



Er boðið upp á samband
við þjónustufulltrúa?

Ef þjónustan er yfirhöfuð í boði þá er ekki hægt að ná í hana. Ef fyrirspurn þinni er ekki svarað skaltu ekki skrá þig!



Notaðu kreditkort eða
netgreiðslulausnir!

Það gerir þér kleift að hætta við greiðslu eða hafa samband við þjónustuaðila hjá greiðsluþjónustunni. Það gefur líka stjórnendum síðurnar færri persónulegar upplýsingar um þig.

ERTU NÚ ÞEGAR Í GILDRU? HVAÐ ER TIL BRAGÐS AÐ TAKA?



Ekki borga
neitt!

Mjög oft eru svikararnir með falska lögfræðinga eða innheimtufyrirtæki á sínum snærum sem ganga hart á eftir greiðslu. Láttu þá ekki hræða þig!



Láttu yfirvöld sem sjá um
netglæpi vita af þessu!

Þú skalt tilkynna upplifun þína til lögreglu og láta netþjónustufyrirtækið vita öðrum til varnar.



Hafðu samband við
Svæðisskrifstofu
Evrópskueytendamiðstöðvarinnar
(ECC)
og fáðu ráðgjöf!

Ef óvissa ríkir um lögmæti krafna eða síðunnar sem þú hefur gerst áskrifandi af, geturðu fengið ráðgjöf hjá svæðisskrifstofu ECC.



European
Consumer
Centre
Network

Þú finnur frekari upplýsingar á ECC-Net [hér](#).



Þú finnur fleiri upplýsingar um FAMA [hér](#).

ÚTGÁFA

Gefið út í júní 2020

verkefnisstjórn / höfundur **ECC Austurríki**
Myndskreyting **Christina Zettl** / buero41a.at

European Consumer Centre Austria

Mariahilfer Straße 81, A-1060 Wien

www.europakonsument.at

www.facebook.com/europakonsument.at

Tölvupóstur: info@europakonsument.at

Þessi útgáfa er fjármögnuð af neytendaáætlun
Evrópusambandsins (2014-2020).



Co-funded by the
European Union

OKKAR MARKMIÐ

Samband 30 evrópskra neytendamiðstöðva (ECC) gefur neytendum vald til að þekkja rétt sinn og nýta sér að fullu þau tækifæri sem felast í sameinuðum markaði.

SVONA NÁUM VIÐ MARKMIÐUM OKKAR

Lagaaðstoð ECC hjálpar neytendum við að vinna úr vanda sem er oft þvert á landamæri einstakra landa án endurgjalds.

Sambandið gefur einstaka yfirsýn og áreiðanlegar upplýsingar um neytendamál í tengslum við innri markaðinn sem nýtast í vinnu við löggjafarstarf hjá bæði evrópskum aðilum og í einstökum ríkjum.

Film & Music Austria (FAMA) veitti aðstoð við gerð texta og þýðingu.

FYRIRVARI

Innihald þessarar útgáfu ber eingöngu vitni um skoðun höfundar og er alfarið á ábyrgð hans. Ekki er hægt að álíta það sýna skoðun framkvæmdastjórnar ESB og/eða Skrifstofu neytenda, heilbrigðis, landbúnaðar og matvæla (CHAFEA) eða annara stofnanna á vegum Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórn ESB og stofnunin taka enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem hér er komið á framfæri.

Ábyrgð á slóðum: Upplýsingarnar innihalda slóðir á ytri vefsvæði þriðja aðila. Stjórnendur þeirra svæða bera ábyrgð á innihaldi þeirra. Lögleg tilboð sem nefnd hafa verið eru staðfest dæmi frá stórum aðilum á markaðnum. Vísun í þá eru ekki meðmæli með vörum þeirra eða þjónustu.